

## Frumvarp til laga

### um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu, snemmtækur stuðningur).

(Eftir 2. umræðu, 14. júní.)

#### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

##### 1. gr.

Við b-lið 1. mgr. 1. gr. laganna bætist: og mæta þörfum þeirra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur.

##### 2. gr.

3. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Stuðningsþjónustu.

##### 3. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein, 3. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

##### *Stofnanir ríkisins.*

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála hefur eftirlit með gæðum þjónustu sem er veitt á grundvelli laga þessara og laga um stofnunina.

Barna- og fjölskyldustofa styður við þjónustu sem er veitt í þágu barna á grundvelli laga þessara og laga um stofnunina.

##### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Barn á rétt á að tjá sig um mál sem það varðar í samræmi við aldur og þroska. Við meðferð og úrlausn máls sem varðar barn skal taka tillit til sjónarmiða og skoðana barnsins í samræmi við hagsmuni þess hverju sinni.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Samráð við notendur og þátttaka barna.*

##### 5. gr.

Á eftir 9. tölul. 11. gr. laganna kemur nýr töluliður, 10. tölul., svohljóðandi: að vinna að samþættingu félagsþjónustu við aðra þjónustu sem er veitt í þágu barna.

##### 6. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sveitarfélög skulu tryggja að stuðningur við íbúa sem hafa barn á framfæri sé í samræmi við það sem er barninu fyrir bestu.

## II. KAFLI

**Breyting á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.**

## 7. gr.

Á eftir orðunum „í samvinnu við“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

## 8. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Stofnanir ríkisins.*

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála hefur eftirlit með gæðum þjónustu sem er veitt á grundvelli laga þessara og laga um stofnunina.

Barna- og fjölskyldustofa styður við þjónustu sem er veitt í þágu barna á grundvelli laga þessara og laga um stofnunina.

## 9. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Um rekstrarleyfi og afturköllun þeirra fer samkvæmt ákvæðum laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

## 10. gr.

14. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Snemmtækur stuðningur, íhlutun og greining.*

Þjónustuveitendum og þeim sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barna ber skylda til að bregðast við vísbendingum um að þörfum barns sé ekki mætt í samræmi við ákvæði laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Ef þjónustuveitandi telur að barn kunni að hafa stuðningsþarfir vegna fötlunar, sem ekki er mætt, og foreldrar viðkomandi barns kjósa að óska ekki eftir samþættingu þjónustu, sbr. 1. mgr., skal þjónustuveitandi taka saman upplýsingar um aðstæður barns sem varpa ljósi á vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt og stuðningsþarfir og miðla þeim til þeirra aðila innan sveitarfélags sem bera ábyrgð á skipulagi og þjónustu við fatlað fólk, sbr. 1. mgr. 5. gr.

Viðbrögð þjónustuveitenda samkvæmt þessari grein skulu miða að því að barn fái snemmtækan stuðning og íhlutun. Frumgreining og/eða annars konar mat á þörfum barns skal fara fram svo fljótt sem verða má. Mæta skal stuðningsþörfum barns þótt greining liggi ekki fyrir.

## 11. gr.

3. másl. 18. gr. laganna fellur brott.

## 12. gr.

19. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Málstjóri, stuðningsteymi og stuðningsáætlun.*

Um rétt fatlaðra barna, sem hafa þörf fyrir fjölpætta þjónustu á öðru og/eða þriðja stigi til lengri tíma, til málstjóra, stuðningsteymis og stuðningsáætlunar fer samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Áður en fatlað barn, sem hefur þörf fyrir fjölbætta þjónustu á öðru og/eða þriðja stigi, verður 18 ára skal stuðningsteymi gera áætlun þar sem fjallað er um þjónustu fyrir barnið eftir að það nær fullorðinsaldri, eftir atvikum í samstarfi við þjónustuteymi, sbr. 12. gr.

## 13. gr.

4. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Barn á rétt á að tjá sig um mál sem það varðar. Við meðferð og úrlausn máls sem varðar barn skal taka réttmætt tillit til sjónarmiða og skoðana barnsins í samræmi við hagsmuni þess hverju sinni.

## III. KAFLI

**Breyting á lögum um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, nr. 160/2008.**

## 14. gr.

Við 4. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Stofnunin hefur samstarf við Barna- og fjölskyldustofu um stuðning við þjónustuveitendur vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna þar sem þörf er á sérþekkingu á sviði fötlunar vegna blindu og sjónskerðingar.

## 15. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stofnunin tekur þátt í samþættingu þjónustu þegar hún telst þjónustuveitandi í skilningi laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

## IV. KAFLI

**Breyting á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011.**

## 16. gr.

Á eftir 2. mgr. 4. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef um er að ræða fatlað barn skal réttindagæslumaður í störfum sínum hafa það sem er barninu fyrir bestu að leiðarljósi. Hann skal hlusta á skoðanir barnsins og taka réttmætt tillit til þeirra í samræmi við aldur og þroska barnsins.

## 17. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef réttindagæslumaður telur að þörfum fatlaðs barns sé ekki mætt með fullnægjandi hætti skal hann veita foreldrum og/eða barni leiðbeiningar um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Ef foreldri og/eða barn setur fram beiðni þar að lútandi getur réttindagæslumaður tekið saman upplýsingar um aðstæður barns og miðlað þeim til tengiliðar eða málstjóra þjónustu í þágu farsældar barns. Að öðru leyti teljast réttindagæslumenn ekki til þjónustuveitenda í skilningi laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

## V. KAFLI

**Breyting á lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021.**

18. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn ákvæðum XXII. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga og eftir atvikum refsidóma fyrir brot gegn ákvæðum annarra laga. Ríkissaksóknari skal láta stofnuninni í té afrit dóma ef hún óskar þess. Þess skal ávallt gætt að ekki sé aflað upplýsinga um sakaferil einstaklinga umfram það sem nauðsynlegt er til að stofnunin geti sinnt eftirlitshlutverki sínu.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.